



AÐVEITUSTÖÐ í landi Hnappavalla 2 í Sveitarfélaginu Hornafirði


Deiliskipulag



Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:1.000



Skýringaruppráttur í mkv. 1:5.000



Gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 í mkv. 1:100.000.

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið nær til um 1,6 ha landspildu í landi Hnappavalla 2 (landnr. 160165) í Sveitarfélaginu Hornafirði, skammt austan Hólár. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits og aðkomuvegar að aðveitustöð á um 0,5 ha lóð. Deiliskipulagið er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, sem er í ferli, en þar er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði.

Kortagrunnar

Skipulagsuppráttur er teiknaður eftir loftmyndum frá Loftmyndum ehf. Hnitakerfi er í ISN93.

Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1.000.
- Skýringaruppráttur í mælikvarða 1:5.000.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:100.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030.

Formminjar

Gamli þjóðvegurinn, lagður 1936, liggur um svæðið, þjónaði áður sem reiðleið og var vörðuleið. Aðrar þekktar minjar eru ekki innan skipulagssvæðis en vörður eru á mörkum þess sem gæta þarf að og er 15m helgunarsvæði er í kring um hverja vörðu. Skammt sunnan við skipulagssvæðið er gömul rétt sem verður ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna.

Breyting eftir auglýsingu tillögu

Ábendingar og umsagnir bárus m.a. frá Minjastofnun, Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun. Sett inn ákvæði um útlit og mön norðan bygginga til að draga úr sjónrænum áhrifum. Þá er betur gerð grein fyrir minjum í texta og uppráttum ásamt tillæsu á hreinsivirki.

2. LÝSING DEILISKIPULAGS

Lýsing svæðis

Svæði það sem um ræðir er um 1,6 ha að stærð, neðan Suðurlandsvegur nr. 1, skammt austan við Hólá. Landið er líttgrónir áraurar. Landið hallar lítillega til suðurs. Svæðið er undir náttúruvá, samkvæmt gildandi aðalskipulagi, vegna ummerka eftir hamfarahlaup úr Kvíarjökli á sögulegum tíma. Mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna veitna og samgangna er óheimil.

Byggingar

- Mannvirki eru þrjú; rofasalur, spennarými og stjórnhús.
- Rofasalurinn er stálgrindarhús, allt að 350 m² og 13 m há, klæddur með óeinangraðri klæðningu.
- Spennarýmið er allt að 100 m² og allt að 10 m hátt, klætt með óeinangraðri klæðningu.
- Stjórnhúsið er allt að 150 m² og allt að 6 m hátt, steypt og klætt með klæðningu.

Þakform er frjálst en gæta skal samræmis milli bygginga. Staðsetning bygginga er frjálst innan byggingarreits og einungis sýnd möguleg staðsetning á deiliskipulagsuppráttum. Reynt verður að fella byggingar sem best að landi og vanda skal frágang bygginga, bílastæða og lóða. Burðarvirkið verður úr steini eða stáli með vönduðum klæðingum skal standast vind- og sandálag yfir langan tíma. Hús verða með ómáludu eða húðuðu yfirborði, litaval verður í blá- grátönun til að draga úr sjónrænum áhrifum. Forðast skal áberandi útlýsingu. Þá verður lágreist mön norðan bygginga til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma er af Suðurlandsvegi (nr. 1) og um gamla Suðurlandsveg. Vegir og bílastæði eru sýnd á uppráttum.

Veitur

Byggingar verða tengdar dreifikerfi Rarik. Frárennslu verður leitt í hreinsivirki og verður frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Tryggt verður gott aðgengi til tæmingar.

3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

Hönnun og upprættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

4. UMhverfisskýrsla

Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúru felast einkum í staðbundinni ásyndarbreytingu, landið er skammt frá Suðurlandsvegi og er fremur flatt og mannvirki verða því sýnileg. Klæðning skal vera í góðum gæðum með ómáludu eða húðuðu yfirborði. Hún skal standast vind- og sandálag yfir langan tíma. Landið er gróðursnautt og jarðvegur á svæðinu er ekki hentugur til ræktunar og því spillist ekki gott landbúnaðarland vegna framkvæmdanna.

Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. _____
 Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ til _____

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann _____

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar _____

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

HNAPPAVELLIR 2 - AÐVEITUSTÖÐ

Deiliskipulag

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 7708 DA201 Mkv: 1:1.000 / 1:5.000 Blaðstærð: A2	Dags: 28.04.2017 Breytt: 25.10.2017
Hannað: GG, AJ, IS Teiknað: GLS	Samþykkt:	